

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 25. júlí 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 13⁰⁰.

Fundurinn var boðaður með skömmum fyrirvara og hreppsnefndarmenn höfðu því ekki fengið dagskrá eða fundarefni sent fyrir fundinn.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kántrýhátíð 2002:

- a) Umsókn um vínveitingaleyfi fyrir tjald áfast við Kántrýbæ.
Fyrir fundinum lá erindi Gunnars S. Halldórssonar sem sækir um fyrir hönd Kántrýbæjar leyfi til sölu á bjór og áfengi í tjaldi við Kántrýbæ með sama sniði og undanfarnar kántrýhátíðir. Eftirfarandi bókun var samþykkt:
Hreppsnefnd samþykkir að veita leyfi til að selja vínveitingar í tjaldi sem verði áfast við Kántrýbæ um Kántrýhátíðina 2. – 6. ágúst 2002. Hreppsnefnd lítur svo á að um sé að ræða útvíkkun á vínveitingaleyfi sem útgefið var 20. júlí 1999 og allar sömu reglur gildi og um veitingastaðinn sjálfan.
- b) Umsókn um breyttan opnunartíma
Fyrir fundinum lá erindi Gunnars S. Halldórssonar sem sækir um leyfi til að hafa opið allt að tveimur tímum lengur en venja er þegar sérstakar ástæður eru til þess. Hreppsnefnd samþykkti að veita leyfi til að framlengja opnunartíma Kántrýbæjar um allt að tvær klst. þegar um sérstaka atburði er að ræða eða þegar sérstaklega stendur á svo sem um Kántrýhátíð, sérstakar skemmtanir eða þegar gestir eru að fylgjast með íþróttaviðburðum í sjónvarpi eða öðru sambærilegu sem veitingastaðurinn býður upp á. Hreppsnefnd lagði áherslu á að almennur opnunartími verði ekki lengdur að tilefnislausu og vísaði til þess að slíkt hafi gefist misvel þar sem það hefur verið reynt. Samþykkt að leyfi til lengingar á opnunartíma verði veitt til tveggja ára, til 1. ágúst 2004.
- c) Umsóknir um tækifærisleyfi til sölu áfengra drykkja.
Fyrir fundinum lágu umsóknir frá eftirtöldum aðilum sem allir sækja um tækifærisleyfi til áfengisveitinga skv. 17. gr. áfengislaga nr. 75/1998:
- 1) Gunnar S. Halldórsson fh. Kántrýbæjar til sölu í tjaldi á hátíðarsvæði Kántrýhátíðar.
 - 2) Sigurbjörn Björgvinsson til sölu í tjaldi á hátíðarsvæði Kántrýhátíðar.
 - 3) Aðalheiður Sif Árnadóttir f.h. Söluskálans á Skagaströnd til sölu í tjaldi á hátíðarsvæði Kántrýhátíðar.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

Fyrir fundinum lá einnig bréf Hallbjarnar J. Hjartarsonar, dags. 23. júlí 2002, sem lýsir þeirri skoðun sinni að ekki eigi að heimila aukna áfengissölu á hátíðinni í ljósi þess að um fjölskylduhátíð sé að ræða. Hreppsnefnd ræddi málið og samþykkti að hafna öllum fyrirbyggjandi umsóknum á forsendum þess að ekki væri æskilegt að auka framboð áfengra drykkja á Kántrýhátíð sem væri skilgreind sem fjölskylduhátíð.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.14⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)